

Fundur í foreldrafélaginu 30. september 2025.

Fundur settur 20:05.

Mættir voru; Lena Gunnlaugsdóttir, Viktoría Rós Viktorsdóttir, Sigríður Ylfa Arnarsdóttir og Ragnheiður Ragnarsdóttir fulltrúi Garðasels.

-Fórum yfir hvaða foreldrafulltrúar vilja bjóða sig fram til áframhaldandi starfa. Á fundinum ákváðu Lena og Sigríður Ylfa að gefa kost á sér áfram. Viktoría, Hafdís og Anna eiga eftir að svara hvað þær vilja gera.

-Fórum yfir útgjöld félagsins. Í ár voru kostnaðarliður eftirfarandi;

- Sumarhátíð, kleinur og safi; 70.270 krónur (leikskólinn bakaði pizzusnúða)
- Leikhópurinn Lotta kom á sumarhátíðina; 160.000 kr.
- Hoppukastlarar á íþróttahátíðinni; 126.000 kr
- Jólasýning, Skjóða og jólasveinarnir; 160.200.
- Útskriftarkaka; 37.500 kr
- Útskriftagjöf, merktir íþróttapokar; 64.575.

Núna er árgjaldið 3500 kr á fyrsta barn og svo 2500 kr pr barn nr 2 og 3. Stjórnin ákvað að halda gjaldinu óbreyttu fyrir eitt barn en hækka um 1000 kr fyrir barn nr 2. Þannig að barn nr 1 3500 kr, barn nr 2 3500 kr, barn nr 3 2500 kr.

-Inn á Bambareikningi sjóðsins eru 325.194 krónur. Félagið keypti námsefni frá Tónakistunni og keypti búnað til að nota í gróðurhúsinu (80.026+38.884) Foreldrafélagið keypti einnig námsefni frá Barnaheill-Vinaverkefnið Blær en reikningurinn hefur ekki borist félaginu (110.000), búið er að kalla eftir því. Foreldrafélagið óskar eftir að peningarnir verða nýttir í að kaupa námsefni eða búnað fyrir krakkana í leikskólanum. Ragnheiður, ásamt starfsfólkinu ætlar að skoða hvað það er sem leikskólanum vantar.

-Staðan á barnasjóðnum núna er 178.283 kr og er einn viðburður eftir af árinu, jólasýningin. Miðað við útgjöld sjóðsins þá þarf að skera niður og var ákveðið að skoða meðlætið á sumarhátíðinni, kaupa frekar djús og einfalda meðlætið, hafa t.d. bara pizzusnúða.

Fundi slitið 21:08.

Fundargerð rituð af Ragnheiði Ragnarsdóttur.